

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2012****2012/EES/43/31****frá 30. mars 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/12/EB frá 11. mars 2009 um flugvallargjöld ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir 65. lið (felldur brott) í XIII. viðauka við samninginn:

„65a. **32009 L 0012**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/12/EB frá 11. mars 2009 um flugvallargjöld (Stjtið. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Tilskipun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/12/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 39.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 14.3.2009, bls. 11.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.